

Nr. 125 / 09 Þorsteinn ÞH 360***Skipverji slasast á togveiðum***

Skipaskr.nr. 1903
Smíðaður: Noregi 1988, stál
Stærð: 1086,1 brl. 1834,9 bt.
Mesta lengd: 70,1 m Skráð lengd: 64,9 m
Breidd: 12,5 m Dýpt: 7,74 m
Vél: Berger Diesel 1988, 2208 kW
Fjöldi skipverja: 12



Þorsteinn © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2009 var Þorsteinn ÞH 360 á flottrollveiðum (tvíburaveiðum) á móti Ingunni AK 150 á SA miðum. Veður: A 10 m/s.

Ingunn AK hafði sleppt trollinu og verið var að hífa flottrollið inn á gröndurunum. Skipverji var að lása bakstroffunni úr stjórnborðsgrandara þegar hann skrapp lítillga til stjórnborða á skutrennulokunni í átt að skipverjanum. Grandarinn lenti í andliti skipverjans með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að flottromlan stendur nokkuð hátt á þilfarinu og liggja grandararnir aftur og niður á skutrennulokuna þegar hún er uppi og þaðan bratt niður í sjó;
- að grandararnir voru með fullu átaki en þeir geta staðið fastir á keflinu og safnað upp hliðarspennu sem losnar svo með rykk þótt ekki sé verið að hífa eða þegar skipinu er beygt;
- að skipstjóri taldi að slasaði hafi verið í hliðargangnum en slasaði kvaðst hafa verið inni í rennuni (trolldekkinu) því grandararnir lágu saman í miðju hennar og það hefði þurft að toga þá í sundur til að vinna verkið. Skipstjóri taldi einnig að öruggast væri að vinna svona verk ofan höfuðs því þá slyppi líkaminn ef hliðarhreyfing kemur á grandarann.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.